

# SKIMUN VEGNA FRUMUBREYTINGA Í LEGHÁLSI



# Skimun vegna frumubreytinga

Frumubreytingar í leghálsi geta komið fram hjá konum á öllum aldri. Einnig hjá yngri konum.

Konur á aldrinum 23 til 29 ára fá boð um skimun vegna frumubreytinga í leghálsi á þriggja ára fresti.

Konur á aldrinum 30-59 ára fá boð um skimun á fimm ára fresti.

Konur á aldrinum 60-64 ára fá boð um skimun á fimm ára fresti.

Ef þú ert í vafa um hvenær þú fórst síðast í skimun getur þú leitað að upplýsingunum sjálf á [www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is) (skoðað rafrænu sjúkraskýrsluna þína) eða fengið upplýsingar á heilsugæslunni þinni.

# Boð um skoðun

- Þú átt kost á að gangast undir skimun til að athuga hvort frumubreytingar séu til staðar í leghálsi.
- Frumubreytingar eru ekki krabbamein - en slíkar breytingar kunna hins vegar að valda krabbameini.
- Þú finnur ekki fyrir því ef frumubreytingar eru til staðar.

Frumubreytingar geta valdið leghálskrabbameini. Þegar slíkar breytingar eru uppgötvaðar og meðhöndlaðar í tíma er hins vegar hægt að koma í veg fyrir að þær valdi leghálskrabbameini.

Þar af leiðandi bjóðum við þér að fara í skimun á heilsugæslunni þinni.

Frekari upplýsingar um hvernig þú pantar tíma í skoðun er að finna á síðunni

<https://www.heilsugaeslan.is/serthjonusta/samhaefingarstod-krabbameinsskimana/>.

Þú getur afboðað þátttöku þína ef þú vilt hvorki fá upplýsingar né skimun. Þó að þú hættir við hefurðu samt tækifæri á að koma í skimun og fá sýnatöku þegar þú óskar eftir eða þegar þú hefur þörf fyrir slíkt.

# HPV

- Helsta orsök leghálskrabbameins er HPV-veiran.
- HPV-veiran getur smitast við kynmök.
- Smokkar veita tiltekna vörn gegn smiti.
- Mörg ár geta liðið frá sýkingu þar til leghálskrabbamein myndast.

Engin meðferð er til við HPV-veiru og sýkingin einkennalaus. Þetta hefur í för með sér að fáar konur vita í reynd að þær eru smitaðar. Í flestum tilvikum hverfur HPV-veiran af sjálfu sér á 8-18 mánuðum. Hins vegar leiðir slík sýking í ákveðnum tilfellum til frumubreytinga sem geta valdið leghálskrabbameini síðar meir. Tilteknir þættir auka áhættuna, t.d. reykingar.

## BÓLUSETNING GEGN HPV-VEIRU

- HPV-veiran eða vörtuveiran tilheyrir stórum hópi veira en nokkrar þeirra smitast með kynmökum og eru m.a. orsökina fyrir leghálskrabbameini.
- Bólusetning er áhrifarík leið, ef hún á sér stað áður en þú stundar kynmök í fyrsta sinn og ert ekki þegar smituð af veirunni sem bólusettt er gegn. Þú getur samt haft gagn af bólusetningunni þrátt fyrir að þú hafir stundað kynmök.
- Bólusetning veitir ekki fulla vörn gegn leghálskrabbameini. Þrátt fyrir að þú sért bólusettt gegn HPV-veirunni er samt sem áður mikilvægt að fara í skimun vegna frumubreytinga í leghálsi.
- Stúlkur á 12. aldursári fá boð um HPV-bólusetningu sem hluta af almennri bólusetningu fyrir börn.

# Frumubreytingar

- Rannsóknin á sýninu leiðir í ljós hvort frumubreytingar í leghálsi séu vegna HPV-veirunnar.

Þegar frumur „breytast“ merkir það að þær líta óeðlilega út við skoðun í smásjá. Yfirleitt stafa frumubreytingar af bólgusvari sem hverfur af sjálfu sér. Hins vegar geta frumubreytingar verið forveri leghálskrabbameins.

- Frumubreytingar eru ekki krabbamein og valda ekki krabbameini í öllum tilvikum. Ferlið frá frumubreytingum til leghálskrabbameins getur tekið allt frá 10-15 ár en í einstaka tilvikum tekur slíkt einungis nokkur ár.
- Leitaðu ávallt til læknis ef þú finnur fyrir einkennum í kviðarholi, til dæmis óreglulegum blæðingum, verkjum í kviðarholi eða breytingu á útferð, óháð því hvort þú fórst í skimun eður ei.

# Staðreyndir um leghálskrabbamein

- HPV-veiran, sem getur smitast með kynmökum, veldur leghálskrabbameini
- Bæði yngri og eldri konur geta fengið sjúkdóminn.
- Hægt er að draga úr hættunni á því að fá leghálskrabbamein með því að fara í reglubundna skimun. Frumubreytingar geta valdið leghálskrabbameini. Krabbameinsfrumur skipta sér óheft og eyðileggja venjulegan vef sem umlykur þær. Krabbamein getur síðan náð að dreifa sér í fleiri líffæri í kjölfarið. Því lengra sem sjúkdómurinn er genginn, þeim mun erfiðara verður að meðhöndla hann.

Konur sem fara í reglubundna skimun eru í minni hættu á að fá leghálskrabbamein, vegna þess að hægt er að uppgötva frumubreytingar áður en þær valda krabbameini.

# Kostir og ókostir skimunar

## KOSTIR

- **Aukið öryggi:** Við það að fara reglulega í skimun dregur þú úr hættunni á því að fá leghálskrabbamein.
- **Greining á byrjunarstigi:** Hægt er að greina frumubreytingar áður en þær valda krabbameini.
- **Árangursrík meðferð:** Hægt er að meðhöndla frumubreytingar á árangursríkan hátt með lítilli aðgerð. Þegar sjúkdómsástandið fær að þróast órétt í krabbamein er hins vegar þörf á stærri aðgerð.

## ÓKOSTIR

- **Leghálsskoðunin:** Fæstar konur vilja gangast undir slíka skoðun. Hins vegar sætta flestar konur sig við leghálsskoðun, því þær telja hana vera skynsamlegan eða nauðsynlegan kost, til að komast hjá frekari óþægindum.
- **Falskar niðurstöður rannsókna:** Rannsóknarniðurstöður eru ekki áreiðanlegar í öllum tilvikum.
- **Ofmeðhöndlun:** Ekki er enn hægt að greina á milli frumubreytinga, sem hverfa af sjálfu sér og frumubreytinga, sem valda krabbameini. Þar af leiðandi er mælt með meðferð ef alvarlegar frumubreytingar koma í ljós í vefjasýninu.
- **Kvíði:** Skoðunin sjálf og biðin eftir svári getur valdið hræðslu og kvíða. Ráðfærðu þig við ljósmóður eða hjúkrunarfræðing ef þú finnur fyrir kvíða.

# Svona gengur sýnatakan fyrir sig

- Ljós móðir/hjúkrunarfræðingur sem fengið hefur sérstaka þjálfun tekur sýni við leghálsskoðun, auk þess sem kvensjúkdómalæknar geta boðið upp á sýnatöku.

Tekið er frumusýni úr slímhúðinni. Það er sársaukalaust en sumar konur finna samt sem áður fyrir óþægindum.

Sýnið er rannsakað á rannsóknarstofu, sjá næstu síður.

## EF UM FYRSTU LEGHÁLSSKOÐUN ER AÐ RÆÐA

Leghálsskoðun er einnig kölluð kvenskoðun. Þú liggur á bakinu og með fætunum í stoðum. Sumum konum finnst skoðunin fara yfir tiltekin mörk. Hins vegar getur þú gert ýmislegt til að draga úr óþægindunum.

- Gakktu úr skugga um að pissa fyrir skoðunina.
- Reyndu að slaka eins vel á og þú getur til að draga úr vöðvaspennu.
- Segðu frá því að þetta sé fyrsta skoðunin þín.
- Klæddu þig í síða blússu þannig að þér líði ekki eins og þú sért nakin.

Fáar konur kæra sig um að fara í leghálsskoðun. Hins vegar telja margar konur slíka skoðun vera hluta af því að vera kona, - nauðsynlegur hluti við þungun, fæðingu, veikindi og tilteknar fyrirbyggjandi skoðanir.





# Ef þú ert á aldrinum 23-29 ára

Sýnið er rannsakað með tilliti til frumubreytingar og hugsanlegrar sýkingar HPV-veirunnar.

Frumusýnið er rannsakað í smásjá á rannsóknarstofunni. Rannsóknin leiðir síðan í ljós hvort að um frumubreytingar sé að ræða.

**Þegar engar frumubreytingar eru til staðar** er niðurstaðan send rafrænt til þín í gegnum Ísland.is (Mínar síður - Pósthólf). Það þýðir að ekkert óeðlilegt kom í ljós. Þú færð sjálfkrafa boð um nýja skoðun eftir þrjú ár.

**Ef frumubreytingar eru til staðar** er gerð HPV mæling á sýninu. Ef HPV sýking er til staðar þarf frekara eftirlit og færðu skilaboð um það rafrænt í gegnum Ísland.is (Mínar síður - Pósthólf).

## Ef þú ert á aldrinum 30-59 ára

- Sýnið er rannsakað með tilliti til hvort um HPV sýkingu er að ræða.

Ef ekki er sýking til staðar færðu nýtt boð um skimun eftir 5 ár.

Ef HPV sýking er til staðar er sýnið skoðað með tilliti til frumubreytinga og þá er þörf á frekari eftirliti og færðu rafræn skilaboð um það í gegnum Ísland.is (Mínar síður - Pósthólf).

## Ef þú ert á aldrinum 60-64 ára

- Sýnið er rannsakað með tilliti til hvort um HPV sýkingu er að ræða.

Frumusýni hjá konum á aldrinum 60-64 ára eru fyrst rannsökuð með tilliti til HPV-veirunnar í leghálsfrumum (Sýnið er tekið við leghálsskoðun á sama hátt og hjá yngri konum).

Ef engin HPV-veira greinist í frumusýninu þarftu ekki að fara aftur í skimun, þar sem minni líkur eru á því að leghálskrabbamein myndist.

Þú færð ekki frekari boð um að koma í skimun vegna frumubreytinga í leghálsi.

Þegar HPV-veiran greinist verður frumusýnið skoðað í smásjá til að kanna hvort frumubreytingar séu til staðar í sýninu.

Frumurannsóknin og HPV-rannsóknin veita áreiðanlegar niðurstöður um hvort frumubreytingarnar séu af þeirri gerð sem geta valdið leghálskrabbameini.

Allar niðurstöður úr skimunum fara inn á [Ísland.is](https://www.island.is)/Mínar síður.

Stefnt er að því að þær fari einnig inn á [Heilsuvera.is](https://www.heilsuvera.is)/Mínar síður.

# Pegar niðurstöður rannsókna eru eðlilegar

- Þú færð að vita að niðurstöður rannsókna hafi verið eðlilegar.

Síðan gerist ekkert, þar til þú færð boð um að mæta í næstu skimun.

Hafðu í huga að þú getur sjálf gert ýmislegt til að koma í veg fyrir að fá HPV-veiruna. Smokkar veita tiltekna vernd við HPV-veirunni og öðrum sjúkdómum, sem smitast við kynmök.

Í sjaldgæfum tilvikum reynist prófið vera „ófullnægjandi“. Það þýðir að ekki er hægt að rannsaka sýnið á fullnægjandi hátt og því verður tekið annað sýni eftir 3 mánuði.

# Pegar niðurstöður rannsókna eru óeðlilegar

- Meðferð við frumubreytingum getur komið í veg fyrir að slíkar breytingar valdi leghálskrabbameini.

Ef þú færð tilkynningu um að HPV-veiran og frumubreytingar hafi fundist (greinst) í sýninu þínu þá færðu annað hvort upplýsingar um þörf á þéttara eftirliti eða að þú færð upplýsingar um að þörf sé á að gera leghálsspeglun.

Ef þörf er á leghálsspeglun er send tilvísun á kvennadeild Landspítala eða Sjúkrahúsið á Akureyri þar sem kvensjúkdómalæknir skoðar leghálsinn með smásjá og tekur vefsýni. Ef vefjasýnið sýnir alvarlegar frumubreytingar er ráðlagt að gangast undir keiluskurð.

Einnig kann frumusýnið að leiða í ljós krabbameinstilfelli. Meðferðin miðast við hversu langt sjúkdómurinn er kominn.

# Hversu öruggt er svarið?

- Niðurstöður frumurannsókna eru nokkuð öruggar.

Yfirleitt tekur 10-15 ár fyrir frumubreytingar að valda krabbameini. Þar af leiðandi getur þú reiknað með að frumubreytingar greinist, að því gefnu að þú farir í skimun reglulega.

Hins vegar kann rannsóknin að gefa falskar niðurstöður í einstaka tilvikum. Það myndi líklega uppgötvast í næstu skoðun ef þetta kæmi fyrir þig.

# Keiluskurður

- Þegar miklar frumubreytingar eru til staðar er í mörgum tilvikum hægt að fjarlægja slíkar frumubreytingar með keiluskurði.

Hafðu samt í huga að miklar frumubreytingar eru ekki það sama og krabbamein og hverfa af sjálfu sér í mörgum tilvikum. Hins vegar er ekki hægt að vita fyrir fram hvaða frumubreytingar hverfa og hvaða frumubreytingar valda krabbameini eftir nokkur ár.

Þar af leiðandi er mælt með keiluskurði ef frumubreytingar eru miklar. Við keiluskurð fjarlægir lækurinn keilulagaðan hluta af leghálsinum. Aðgerðin er gerð í staðdeyfingu á sjúkrahúsi.


Eftir keiluskurðinn getur þú enn orðið þunguð og eignast börn ef þú kýst svo. Hins vegar er smávægileg aukin hætta á fæðingum fyrir tímann.

Sjaldgæfar aukaverkanir eftir keiluskurð eru alvarlegar blæðingar og þrænging leghálsins.

Keiluskurður lækna alvarlegar frumubreytingar hjá flestum konum.

Þú ferð aftur í próf fyrir HPV-veiru og frumubreytingum 6 mánuðum eftir keiluskurðinn. Ef bæði sýnin eru eðlileg og ljóst er að allar breytingar voru fjarlægðar við skurðaágerðina, verður þér boðin regluleg skimun í framtíðinni og þarft ekki frekara eftirlit. Í öðrum tilvikum færðu boð um eftirlit.

*Við keiluskurð fjarlægir lækurinn keilulagaðan hluta af leghálsinum.*



# Frekari upplýsingar um skoðunina og frumubreytingar

## Blæðingar á sama tíma og prófunin fer fram.

Ef blæðingar standa yfir þegar taka skal frumusýnið verður þú að hringja á heilsugæslustöðina og panta annan tíma. Ekki er hægt að rannsaka sýnið ef of mikið blóð er til staðar.

## Pungun þegar prófið fer fram.

Ekki ætti að taka leghálssýni í þungun. Ef þú ert þunguð þegar þú færð boð um skimun ættir þú að fresta því þar til 8 vikum eftir fæðingu. **Annað á við um konur sem eru í eftirliti vegna frumubreytinga**

## Frumubreytingar.

Frumubreytingar eru ekki krabbamein en geta með tíð og tíma valdið krabbameini. Frumubreytingar í leghálsi stafa af sýkingum vegna vissra gerða af HPV-veirunni.

## Pungun eftir frumubreytingar.

Frumubreytingar hafa ekki áhrif á möguleika þína að verða þunguð og eignast börn. Keiluskurður ætti ekki heldur að hafa áhrif á slíkt. Mjög fáar konur eiga í vandræðum með þungun og barnsburð eftir að hafa gengist undir keiluskurð. Hins vegar er smávægileg aukin hættu á fæðingum fyrir tímenn.

## Nýjar frumubreytingar.

Konur geta fengið frumubreytingar aftur þrátt fyrir að þær hafi gengist undir keiluskurð. Komið getur bakslag

ef ekki tókst að fjarlægja allar frumubreytingar við keiluskurðinn og einnig geta nýjar frumubreytingar komið fram. Bæði áðurnefnd atriði eru sjaldgæf.

## Áhættuþættir

HPV-veiran getur smitast við kynmök. Oft líða nokkur ár frá því að einstaklingur smitast þar til frumubreytingar koma í ljós. Frumubreytingar eru ekki smitandi.

## Svona minnkar þú hættuna - á að smitast af HPV-veirunni og hugsanlega að fá leghálskrabbamein

Vitað er að snemmbúin ástundun kynlífs og margir makar auka hættuna á HPV-veirusmiti sem veldur leghálskrabbameini. Slík sýking kemur einnig fram hjá konum sem hafa haft kynmök við mjög fáa karlmenn. Reykingar auka hættuna á að HPV-veirusmiti þróist í leghálskrabbamein.

- Notaðu smokk þegar þú ert með nýjum maka
- Ekki reykja
- Farðu reglulega í skimun

Þar að auki er mikilvægt að leita til læknis ef þú finnur fyrir einkennum í kviðarholi, t.d. ófyrirséðum blæðingum, sársauka eða breytingum á útferð.

## Kynfæravörtur og frumubreytingar

Kynfæravörtur valda hvorki frumubreytingum né krabbameini. Kynfæravörtur stafa af annarri gerð HPV-veiru sem er af góðkynja gerð sem veldur ekki frumubreytingum. Kynfæravörtur smitast einnig við kynmök.

# Tölfræði skimunar

Nýgengi leghálskrabbameins hefur lækkað mikið síðan á sjötta áratugnum. Slíkur árangur er að mestu leyti vegna skimana, sem hafa náð að uppgötva frumubreytingar í tíma.

Tölfræði sjúkdómsins 2015-2019

- Á hverju ári greinast 19 íslenskar konur með leghálskrabbamein.
- Á hverju ári deyja að meðaltali 6 konur á ári úr leghálskrabbameini
- Nýgengi sjúkdómsins er hæst í aldurshópnum 35-39 ára en meðalaldur við greiningu sjúkdómsins er 46 ár.
- Á bilinu 25-50, af hverjum 100 tilfellum af alvarlegustu forstigsbreytingum, valda krabbameini ef engin meðferð á sér stað.

## SPURNINGAR OG UPPLÝSINGAR

Ef þú hefur spurningar varðandi leghálskskimun getur þú spurt þinn lækni eða haft samband við neðangreindar vefsíður:

[www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is) • Heilsugæslan og embætti landlæknis.

[www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is) • Samhæfingarstöð krabbameinsskimana

[www.krabb.is](http://www.krabb.is) • Krabbameinsfélagið